

Vinnumálastofnun
07 980

Ársreikningur 2023

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum	6
Skýringar	7

Vinumálastofnun

kt. 700595-2699

Grensásvegur 9, 108 Reykjavík

Skýrsla og áritun stjórnar og forstöðumanns

Vinnumálastofnun er ríkisaðili í A1-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli laga um vinnumarkaðsaðgerðir og atvinnuleysistryggingar.

Stofnunin fer með yfirstjórn vinnumiðlunar í landinu og daglega afgreiðslu Atvinnuleysistryggingasjóðs, Fæðingarorlofssjóðs, Ábyrgðarsjóðs launa auk fjölmargra annarra vinnumarkaðstengdra verkefna.

Vinnumálastofnun fer með framfærslu umsækjenda um alþjóðlega vernd síðan 1. júlí 2022 og á árinu 2023 sameinaðist Fjölmenningarsetur Vinnumálastofnun og tók stofnunin við 13,5 stöðugildum og verkefnum sem Fjölmenningarsetur fór með.

Starfsemin fellur undir málefnavið 30 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2023 var ársveltan kr. 1.910,0 milljónir og afkoma kr. 0,7 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -0,3 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 3.193,9 milljónir.

Starfsemin á árinu 2023 byggir á heimildum í fjárlögum og fjárukaölögum fyrir árið 2023. Yfirlit um stöðu fjárveitinga og breytingar ársins er á bls. 6.

Það er álit mitt að ársreikningur 2023 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Stjórn og forstöðumaður staðfesta hér með ársreikning Vinnumálastofnunar fyrir árið 2023 með rafrænni undirritun sinni.

Unnur Sverrisdóttir,
forstjóri

Stjórn:

Huginn Freyr Þorsteinsson
formaður stjórnar

Lilja Birgisdóttir

Halldór Oddsson

Guðbjörg Kristmundsdóttir

Andri Valur Ívarsson

Hrannar Már Gunnarsson

Guðný Einarsdóttir

Guðmundur Ari Sigurjónsson

Jón Rúnar Pálsson

Sólveig B. Gunnarsdóttir

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2023

	Skýr	2023	2022
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	389.900.000	196.000.000
Framlög og ýmsar tekjur	3	1.467.499.830	1.563.466.254
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	52.599.251	28.324.454
Tekjur samtals		1.909.999.081	1.787.790.708
Gjöld			
Framlög og tilfærslur		25.556.653	637.590.170
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	4	986.894.996	561.512.237
Annar rekstrarkostnaður	5	844.213.275	547.174.939
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		18.382	114.655
Afskriftir og niðurfærslur	6	52.599.251	28.324.454
Gjöld samtals		1.909.282.557	1.774.716.455
Afkoma ársins		716.524	13.074.253
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	2	25.973.177	650.364.423
Rekstrartilfærslur		(25.256.653)	(637.290.170)
		716.524	13.074.253

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

	Skýr	31.12.2023	31.12.2022
Eignir			
Handbært fé		1.399.309.664	1.969.171.198
Tengdir aðilar	7	1.407.206.318	1.277.881.560
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	8	121.269.745	38.489.939
Varanlegir rekstrarfjármunir	9	55.495.283	39.216.958
Óefnislegar eignir	10	210.640.916	177.455.356
Eignir samtals		<u>3.193.921.926</u>	<u>3.502.215.011</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	7	1.543.741.993	2.461.479.005
Viðskiptaskuldir		1.057.895.579	627.355.848
Ýmsar skammtímaskuldir	11	401.633.295	225.520.177
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	12	190.963.594	188.889.039
Skuldir samtals		<u>3.194.234.461</u>	<u>3.503.244.069</u>
Eignir samtals að frádrögnum skuldum samtals		(312.535)	(1.029.058)
Eigið fé			
Hrein eign	13	(312.535)	(1.029.058)
Eigið fé samtals		<u>(312.535)</u>	<u>(1.029.058)</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>3.193.921.926</u>	<u>3.502.215.011</u>
Aðrar upplýsingar	14		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2023

	Skýr	2023	2022
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		716.524	13.074.253
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	6	52.599.251	28.324.454
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(52.599.251)	(28.324.454)
		<u>716.524</u>	<u>13.074.253</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		(82.779.806)	658.932
Tengdir aðilar		(1.094.451.101)	(3.601.594.891)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		606.652.849	447.950.608
		<u>(570.578.058)</u>	<u>(3.152.985.351)</u>
		<u>(569.861.534)</u>	<u>(3.139.911.098)</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð óefnislegra eigna		(73.489.636)	(183.452.975)
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	9	(27.599.694)	(20.737.234)
Bókfært virði eigna fluttar rá 07-329 FjölM.setri		(973.806)	0
		<u>(102.063.136)</u>	<u>(204.190.209)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		47.389.330	0
Fjárfestingarframlag		53.700.000	204.190.209
Frestuð fjárfestingarfjárveiting flutt frá 07-329 FjölM.setri		973.806	0
		<u>102.063.136</u>	<u>204.190.209</u>
		<u>(569.861.534)</u>	<u>(3.139.911.098)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		1.969.171.198	5.109.082.296
		<u>1.399.309.664</u>	<u>1.969.171.198</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum

	Fjárveiting til rekstrar	Rekstrar- tilfærslur	Fjárveiting til fjárfestinga	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum 2023	306.500.000	300.000	53.700.000	360.500.000
Fjáraukalög	69.700.000	0	0	69.700.000
Fjárveiting skv. fjárlögum og fjáraukalögum	376.200.000	300.000	53.700.000	430.200.000
Millifærslur og aðrar breytingar fjárheimilda				
Launabætur	13.400.000	0		13.400.000
Fjárveiting ársins	389.600.000	300.000	53.700.000	443.600.000
Staða fjárveitinga fyrri ára í lok árs 2022, (umframráðstafað)	636.261.112	(637.290.170)	(27.783.275)	(28.812.333)
Breyting fjárveitinga skv. ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins ...	(637.290.171)	637.290.170	0	(1)
Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu	388.570.941	300.000	25.916.725	414.787.666
Ráðstöfun ársins að frádregnum sértekjum	(363.626.823)	(25.556.653)	(101.089.330)	(490.272.806)
Staða fjárveitinga í lok árs 2023	24.944.118	(25.256.653)	(75.172.605)	(75.485.140)

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlaun reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlaun tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisýrnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisýrnunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbending sé um virðisýrnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisýrnunartap fært í yfirlit um afkomu.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Skýringar

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður 3-10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluþegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádræginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókom stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningssskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsęjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsęjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2023	2022
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	389.900.000	196.000.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	52.599.251	28.324.454
	<u>442.499.251</u>	<u>224.324.454</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	306.500.000	300.000	0	306.800.000
Fjáraukalög	69.700.000	0	0	69.700.000
Launabætur	13.400.000	0	0	13.400.000
Fjárveiting til tekna	389.600.000	300.000	0	389.900.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum .	(363.626.823)	(25.556.653)	0	(389.183.476)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	25.973.177	(25.256.653)	0	716.524

	2023	2022
3 Framlög og ýmsar tekjur		
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta	1.458.154.650	1.509.606.759
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	2.357.518	32.882.785
Ýmsar tekjur	6.987.662	20.976.710
	<u>1.467.499.830</u>	<u>1.563.466.254</u>

4 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	2.217.367.708	1.831.035.129
Orlof, breyting	9.373.212	(4.749.929)
Launatengd gjöld	503.470.650	416.953.760
Starfsmannakostnaður	22.483.426	19.173.277
Samtals launakostnaður	2.752.694.996	2.262.412.237
Kostnaðarhlutdeild launa vegna fjárlagaliða í umsjón stofnunar	(1.765.800.000)	(1.700.900.000)
	<u>986.894.996</u>	<u>561.512.237</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	221,8	198,7

5 Annar rekstrarkostnaður

Bækur, ritföng, filmur o.fl.	3.646.949	2.914.436
Byggingarvörur, almennar	649.034	199.293
Byggingarvörur, aðrar	14.990	0
Tæki og búnaður til innréttinga	569.211	27.985
Ýmis tæki og áhöld	48.669.051	11.535.797
Varahlutir og viðhaldsvörur	0	2.387
Orkugjafir	1.933.760	2.160.529
Matvæli	32.874.459	28.867.817
Almennar rekstrarvörur	5.537.626	3.638.790
Vörukaup, almenn	<u>93.895.080</u>	<u>49.347.034</u>

Skýringar

	2023	2022
5 Annar rekstrarkostnaður, (frh.)		
Fundir, námskeið, risna	4.726.199	6.432.935
Ferðir, upphald	12.191.105	6.090.088
Akstur	5.716.806	3.425.109
Sérfræðiþjónusta	416.017.049	253.374.512
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	3.303.586	4.551.753
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	6.640.806	4.478.237
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	6.778.443	13.352.723
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	455.373.994	291.705.357
Samningsbundin kaup og leiga	16.734.342	12.278.316
Afnotagjöld	113.781.460	87.324.480
Leigugjöld	125.801.577	84.539.224
Notkun véla og flutningatækja	1.040.764	38.481
Verkkaup	26.847.488	15.412.403
Kostnaðarhlutdeild	10.674.766	5.865.981
Tryggingar, lögboðnar	83.146	185.131
Opinber gjöld	(19.342)	478.532
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	294.944.201	206.122.548
Annar rekstrarkostnaður samtals	844.213.275	547.174.939
6 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	11.021.603	13.647.349
Sölutap og úreltar eignir	1.273.572	224.749
Niðurfærsla óefnislegra eigna	40.304.076	14.452.356
	52.599.251	28.324.454
	31.12.2023	31.12.2022
7 Tengdir aðilar		
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.		
<i>Kröfur á tengda aðila:</i>		
Aðrir ríkisaðilar	1.407.206.318	1.277.881.560
	1.407.206.318	1.277.881.560
<i>Skuldir við tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð	739.859.472	1.365.192.127
Viðskiptareikningar við aðra ríkisaðila	803.882.521	1.096.286.878
	1.543.741.993	2.461.479.005
8 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		
Fyrirframgreiddur kostnaður	33.891.821	0
Skattar	87.377.924	38.489.939
	121.269.745	38.489.939

Skýringar

	31.12.2023	31.12.2022
9 Varanlegir rekstrarfjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	55.495.283	39.216.958
	<u>55.495.283</u>	<u>39.216.958</u>
Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2023:		
	Áhöld, tæki og búnaður	Samtals
Staða 01.01.2023	99.791.549	99.791.549
Viðbætur á árinu	28.573.500	28.573.500
Selt/úrelt á árinu	(24.296.413)	(24.296.413)
	<u>104.068.636</u>	<u>104.068.636</u>
Afskriftir 01.01.2023	60.574.591	60.574.591
Afskrift ársins	11.021.603	11.021.603
Selt/úrelt á árinu	(23.022.841)	(23.022.841)
	<u>48.573.353</u>	<u>48.573.353</u>
Staða 31.12.2023	<u>55.495.283</u>	<u>55.495.283</u>
10 Óefnislegar eignir		
	31.12.2023	31.12.2022
Óefnislegar eignir	210.640.916	177.455.356
Óefnislegar eignir greinast þannig í árslok 2023:		Hugbúnaður
Stofnverð 01.01.2023		272.349.569
Viðbætur á árinu		73.489.636
		<u>345.839.205</u>
Niðurfært 01.01.2023		94.894.213
Niðurfærsla ársins		40.304.076
		<u>135.198.289</u>
Staða 31.12.2023		<u>210.640.916</u>
11 Ýmsar skammtímaskuldir		
	31.12.2023	31.12.2022
Ógreitt orlof	236.214.235	225.504.329
Önnur ógreidd gjöld	165.419.060	15.848
	<u>401.633.295</u>	<u>225.520.177</u>

Skýringar

12 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2023	31.12.2022
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	266.136.199	216.672.314
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað)	(75.172.605)	(27.783.275)
	<u>190.963.594</u>	<u>188.889.039</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestingafjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2023	216.672.314	(27.783.275)	188.889.039
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	53.700.000	53.700.000
Bókfært virði eigna fluttar frá 07-329 Fjölm.setur.	973.806	(973.806)	0
Frestuð fjárfestingafjárveiting með flutningi frá 07-329 Fjölm.setur.	0	973.806	973.806
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	27.599.694	(27.599.694)	0
Fjárfesting í óefnislegum eignum	73.489.636	(73.489.636)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(52.599.251)	0	(52.599.251)
	<u>266.136.199</u>	<u>(75.172.605)</u>	<u>190.963.594</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2023 munu kr. 60 milljónir koma til tekna á árinu 2024.

13 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2023	31.12.2022
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	(1.029.058)	(14.103.311)
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins	(1)	0
Afkoma ársins	716.524	13.074.253
Jöfnuður 31.12.	<u>(312.535)</u>	<u>(1.029.058)</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

14 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði, tímabundna og ótímabundna með uppsagnarfrest. Greiðslur vegna húsaleigu eru áætlaðar 140,3 millj. kr. á árinu 2023.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum í árslok 2023.

Veittar ábyrgðir

Ekki hefur verið gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Ekki hafa verið veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarreikstur.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.